

# Ungmennasamband Kjalarnesþings



Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Símanúmer: 514 4090  
Tölvupóstur: umsk@umsk.is  
Vefsíða: <http://www.umsk.is>

## Fundargerð

Fundarmenn og afrit:  
Valdimar Leo,  
Guðmundur, Larus,  
Magnús, Valdimar G

Dags fundar: 12. Jan 2018  
Tími: 12:00  
Staður: UMSK skrifstofan  
Fundarritari: Valdimar  
Gunnarsson

| Dagskrá 1. |   |
|------------|---|
| Nr.        | Lýsing  |
| 1.         | Fundur settur – formaður setti fundinn  |
| 2.         | Fundargerð frá nov. 2017 - samþykkt   |
| 3.         | Bréf sem hafa borist <ol style="list-style-type: none"><li>Ársþing KSÍ – haldið 10. Febrúar á Hilton. Formaður mætir</li><li>Sambandsráðsfundur í Garðabæ 13. Jan – Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mæta- Fundarefni aðeins eitt þ.e. umsókn íþróttabandalaga í UMFÍ.</li></ol>  |
| 4.         | Stefnumótun UMSK 2014 -2018 – Farið yfir fjóra þætti stefnu UMSK og skoðað hvað hefur náðst og hvað ekki. Fá ráðgjafa til að teikna framhaldið.   |
| 5.         | Meeto umræðan – umræða um Metoo byltinguna og viðbrögð okkar við henni.   |
| 6.         | Ársþing UMSK þriðjudaginn 13. Feb – farið yfir ársþing UMSK 2018 <ul style="list-style-type: none"><li>- Húsnæði – golfskáli GKG Garðabæ</li><li>- Starfsmenn þings – leita eftir þingforseta frá GKG</li><li>- Matur – ákveðið að bjóða uppá standandi mat</li><li>- Laga/reglugerðabreytingar – Engin þörf á lagabreytingum – breyting á reglugerð um Afraksmannasjóði.</li></ul> |

## Lagðar til eftirfarandi breytingar á sjónum:

### Afreksmannasjóður UMSK

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

### Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum ,heimsmeistaramótum innanlands og utan. og ~~Olympíuleikum~~ (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
2. ~~Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega. Umsókn skal berast frá félagi umsækjenda. (Leggjum til að þjálfarastyrkir verði teknir út úr Afreksmannasjóði og stofnað sér Endurmentunarsjóður þjálfara sem er fjármagnaður af því fé sem sett er til fræðslumála. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda)~~
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. ~~Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu , Norðurlanda , Evrópu eða heimsmeistaramóts.~~
4. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaklings innan sama árs.
5. Stjórn sjóðsins ákveður lágmarksupphæð hverju sinni og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.
6. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda. Með umsókn skal berast fullnægjandi gögn frá umsækjenda.
7. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
8. Umsókn um styrk skal hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
9. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annari úthlutun.

10. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins.

- **Framboð – send bref á stjórnarmenn/konur**
- **Viðurkenningar – kalla eftir viðurkenningum silfur/gull.**

### Mál í vinnslu

| Lýsing á máli | Ábyrgð | Áætluð skil |
|---------------|--------|-------------|
|               |        |             |
|               |        |             |